

## KJARASAMNINGUR

### milli MATVÍS

### og Samtaka atvinnulífsins

#### 1.gr.

##### Viðaukasamningur

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi SA og landssambanda og landsfélaga ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

#### 2. gr.

##### Almenn launahækkun

1.6. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

#### 3. gr.

##### Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

#### 4. gr.

##### Yfirvinnutaxtar iðnnema.

Fyrir yfirvinnu í framhaldi af vakt greiðist lægri taxtinn en hærri taxtinn fyrir aukavinnu á frídegi.

#### 5. gr.

##### Fatapeningar framreiðslu- og matreiðslumanna.

Viðbót við grein 9.2.1.:

Upphæð fatapeninga endurskoðist af tveimur fulltrúum, öðrum tilnefndum af MATVÍS og hinum af Samtökum atvinnulífsins. Fatapeningar eru kr. 6.027 frá 1. júní 2011 miðað við 172,4 stig vísitölu. Upphæðin endurskoðist með tilliti til breytinga á fatnaði, sem er liður 0312 í undirvísitölu neysluverðs. Breytingar á fatapeningum verða á sama tíma og breytingar á launum samkvæmt kjarasamningi.

## 6. gr.

### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, . nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, . nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

## 7. gr.

**Neðangreindar greinar 13. kafla um trúnaðarmenn verði svohljóðandi:**

### 13. 1.1.

Félagsmönnum MATVÍS er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað, þar sem fimm félagsmenn MATVÍS eða fleiri starfa. Að kosningu lokinni tilnefnir MATVÍS trúnaðarmanninn. Verði kosningu eigi komið við tilnefnir MATVÍS trúnaðarmann.

### 13.2.1.



Trúnaðarmanni skal í samráði við yfirmann sinn heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til starfa, sem honum kunna að vera falin af félagsmönnum MATVÍS á vinnustaðnum og/eða MATVÍS og falla undir starf hans sem trúnaðarmanns og skulu laun hans ekki skerðast af þeim sökum.

### 13.3.1.

Trúnaðarmanni skal heimilt í sambandi við ágreiningsefni að yfirfara gögn og vinnuskýrslur, sem ágreiningsefnið varða. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

### 13.4.1.

Trúnaðarmaður skal hafa aðgang að læstri hirslu og aðgang að síma á vinnustað í samráði við yfirmann sinn.

### 13.5.1

Trúnaðarmanni skal heimilt að boða til fundar félagsmanna MATVÍS tvisvar sinnum á ári á vinnustað í vinnutíma. Fundirnir hefjast einni klst. fyrir lok vinnutíma, eftir því sem við verður komið. Til fundanna skal boða í samráði við MATVÍS og viðkomandi vinnuveitanda með þriggja daga fyrirvara, nema fundarefni sé mjög brýnt og í beinum tengslum við vandamál á vinnustaðnum. Þá nægir eins dags fyrirvari.

Á vinnustöðum þar sem trúnaðarmaður hefur ekki verið tilnefndur er fulltrúa MATVÍS heimilt að boða til fundar með félagsmönnum MATVÍS á vinnustaðnum að fengnu samþykki stjórnenda fyrirtækisins. Leitast skal við að halda fund á þeim tíma sem veldur ekki truflun á starfsemi fyrirtækisins. Samþykki stjórnanda fyrir fundarstað og fundartíma skal liggja fyrir áður en fundur er boðaður.

### 13.6.1.

Trúnaðarmaður skal bera kvartanir félagsmanna upp við yfirmann sinn eða stjórnanda fyrirtækis, áður en leitað er til annarra aðila.


## 8. gr.

### Afgreiðsla kjarasamninga


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 25. maí.

Reykjavík 5. maí 2011

F.h. MATVÍS

  
Þorsteinn Gunnarsson  
Sólv. Karl  
Sigrún Magnúsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Hannes G. Sigmundsson  
Jóh. H. Magnússon

## Fylgiskjöl

### Bókun

Samtök atvinnulífsins (SA) og MATVÍS hafa ákveðið að fara yfir og samræma ákvæði í kjarasamningum bakara, kjötiðnaðarmanna, matreiðslumanna og framreiðslumanna eftir því sem við á. SA og MATVÍS skuldbinda sig til gefa út sameiginlegan kjarasamning fyrir þessa fjóra hópa félagsmanna MATVÍS. Unnið verði að samræmingu og endurskoðun í samræmi við neðangreinda verkáætlun sem verði lokið fyrir 1 nóvember 2011 .

#### Verkáætlun:

Markmið MATVÍS og SA er að samræma, eftir því sem mögulegt er, ákvæði kjarasamningsins fyrir alla fjóra hópana.

Grunnur verði byggður á kjarasamningi Félags matreiðslumanna (FM) og inn í hann verði fært efni úr hinum samningunum sem ekki er samhljóða efni FM samningsins. MATVÍS og SA komist síðan að niðurstöðu um það hvort hægt sé að samræma ákvæði eða hvort tilgreina þurfi mismunandi ákvæði fyrir hvern hóp fyrir sig.

Stefnt er að því að fyrstu drög að samræmdum samningi liggi fyrir í lok ágúst og samkomulagi um samræmingu kafla verði náð eigi síðar en um miðjan október 2011.

### Bókun

#### Ágreiningsmál.

##### *Samstarfsnefnd um ágreiningsmál*

Samkomulag er um að skipa samstarfsnefnd til að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma milli starfsmanna og vinnuveitenda sem eiga aðild að kjarasamningi MATVÍS og SA. Í nefndinni eigi hverju sinni sæti tveir fulltrúar MATVÍS og tveir fulltrúar SA. Nefndin hefur heimild til að kalla eftir gögnum og upplýsingum frá viðkomandi aðilum eftir því sem við á til að upplýsa mál og málsástæður. Nefndin getur óskað eftir því að annar hvor aðili eða báðir komi fyrir nefndina til að gefa upplýsingar og skýra málin. Nefndin skal komast að niðurstöðu innan tveggja vikna frá því mál barst nefndinni nema einhugur sé í nefndinni um að hún þurfi meiri tíma til að komast að niðurstöðu. Neiti aðili að koma fyrir nefndina og gefa skýringar er þeim aðila sem telur á sig hallað heimilt að leita aðstoðar dómstóla án frekari aðkomu nefnarinnar. Nefndin skal halda fundargerðir þar sem fram komi niðurstöður í einstaka málum.

Aðilar eru sammála um að taka ákvæði þetta til endurskoðunar að ári liðnu þar sem árangur af störfum nefndarinnar verði metinn. Lagt verði m.a. mat á hvort halda eigi áfram störfum nefndarinnar í óbreyttri eða breyttri mynd.

## Matvís – launaflokkar 2011-2013

### Fagmenn að loknu tveggja ára viðurkenndu fagnámi

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Laun	191.017	202.017	213.017

### Fagmenn með viðurkennd starfsréttindi, en uppfylla ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða að loknu þriggja ára viðurkenndu fagnámi

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	215.944	226.944	237.944
Eftir 1 ár	219.584	230.584	241.584
Eftir 3 ár	223.315	234.315	245.315

### Sérstakur launataxti í ákvæðisvinnu (sjá skilgr. í kjarasamningi)

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Laun	228.029	239.029	250.029

### Iðnaðarmenn með sveinspróf

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	238.604	249.604	260.604
<i>Eftir 1 ár</i>	<i>242.649</i>	<i>253.649</i>	<i>264.649</i>
Eftir 3 ár	246.794	257.794	268.794
Eftir 5 ár	251.000	262.000	273.000
Eftir 7 ár	256.271	267.271	278.271

### Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi (eftir meistaraskóla)

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Laun	275.054	286.054	297.054

fg

mb

## Launaflokkar iðnnemar í Matvís 2011-2013

### Iðnnemar í Matvís frá 1.6. 2011

#### Fjögurra ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	121.372	700,24	1.363,57	1.463,57
2. ár	131.302	757,53	1.363,57	1.563,58
3. ár	151.162	872,11	1.569,82	1.846,82
4. ár	161.093	929,40	1.672,95	1.881,95

#### Þriggja ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	121.372	700,24	1.363,57	1.463,57
2. ár	131.302	757,53	1.363,57	1.763,57
3. ár	156.128	900,76	1.621,39	1.864,39

### Iðnnemar í Matvís frá 1.2. 2012

#### Fjögurra ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	132.372	763,70	1.477,81	1.577,80
2. ár	142.302	820,99	1.477,81	1.677,81
3. ár	162.162	935,57	1.684,05	1.961,05
4. ár	172.093	992,86	1.787,19	1.996,18

#### Þriggja ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	132.372	763,70	1.477,81	1.577,80
2. ár	142.302	820,99	1.477,81	1.877,81
3. ár	167.128	964,22	1.735,62	1.978,62

## Iðnnemar í Matvís frá 1.2. 2013

### Fjögurra ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	143.372	827,16	1.592,04	1.692,04
2. ár	153.302	884,45	1.592,04	1.792,05
3. ár	173.162	999,03	1.798,29	2.075,29
4. ár	183.093	1.056,33	1.901,42	2.110,42

### Þriggja ára iðnnám

Námsár	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna á frídegi
1. ár	143.372	827,16	1.592,04	1.692,04
2. ár	153.302	884,45	1.592,04	1.992,04
3. ár	178.128	1.027,68	1.849,86	2.092,86